

Hátíðarfundur og 25 ára afmælisfundur Delta deildar, haldinn laugardaginn 12. janúar 2013 kl. 13.00 í hátíðarsal gamla Héraðsskólans í Reykholti.

Fyrir fundinn fengum við Guðlaug Óskarsson til að taka höpmyndir annars vegar af fundarkonum og hins vegar af þeim félagskonum sem starfað hafa ötullega í deildinni frá stofnun hennar og þar um bil. Landsambandsforsetinn okkar hún Sigríður Ragna Sigurðardóttir hafði áformað að fagna afmælinu með okkur, en því miður varð hún að boða forföll á síðustu stundu vegna veikinda.

Fundur hófst formlega kl. 13.30 þar sem átján félagskonur skáluðu fyrir farsælu starfi Delta deildar í 25 ár. Að því loknu var farið í samkvæmisleik til að raða konum til borðs og fram voru bornar veitingar frá nokkrum heimakonum þ.e. Dagnýju Emilsdóttur, Ingu Stefánsdóttur og Þórunni Reykdal. Undir borðum stjórnaði Theodóra Þorsteinsdóttir söng um leið og hún gaf deildinni afmælistöng sem sungin var undir laginu Tryggðarþantanir:

Tuttugu' og fimmm ár nú teljum við saman,
trúlegt er ekki, en hratt flygur stund.
Hittumst við konur og höfum þá gaman
hlæjum og njótum, því létt er vor lund.
Fræðsla í Delta það fag okkar er
en fjör þó höfum og gleðina hér.

Tral-la-la-la-la-la.....

Þrúður Kristjánisdóttir, Jóhanna Karlsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir rífluðu upp gamla góða tíma, sem Jónína Eiríksdóttir fyldi eftir með myndasýningu. Guðlaug Sverrisdóttir sá fundarkonum fyrir hreyfingu, bæði skemmtilegu samskipta-bingó og dansi-Gangman style....

Gyða Berþórsdóttir var með orð til umhugsunar, las hún nokkur ljóð eftir skáld sem ort hafa um íslenska náttúru. Hapdrættið góða var á sínum stað, Þórunn Reykdal kom með vinninginn en að þessu sinni hreppi Ingibjörg Adda Konráðsdóttir hann. Undir kaffi og ís var hugað að félagsstarfinu, fréttum og næstu fundum.

Þórunn heiðraði stofnfélaga og afhenti þeim rósir. Síðan voru teknar myndir af þeim. Einnig afhenti hún Jónínu Eiríksdóttur og Dagnýju Emilsdóttur rós fyrir að bera ábyrgð og sjá um umgjörð dagsins. Eftir fjögurra tíma samveru héldu konur heim á leið endurnærðar og fullar af þeirri orku sem starfið í deildinni gefur.

Sjófn Guðlaug Vilhjálmisdóttir ritaði fundargerð.